



Umhverfis- og orkustofnun

Arnar Össur Harðarson

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 25.3.2025

Málsnúmer: 202503-0038

IAS

Efni: Umsókn um nýtingarleyfi jarðsjávar – Eldisgarður Samherja á Reykjanesi.

Vísað er í erindi frá Umhverfis- og orkustofnun, frá 12. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Samherja um nýtingarleyfi jarðsjávar fyrir eldisgarð á Reykjanesi.

Samherji fiskeldi ehf. áformar að byggja eldisstöð í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi. Stefnt er á að framleiðslugeta nýrrar eldisstöðvar verði 40.000 tonn á ársgrundvelli. Til framleiðslunnar áætla félagið að nota að hámarki 30.000 l/s af jarðsjó, um 50 l/sek af ferskvatni og um 3.200 l/s af ylsjó frá Reykjanesvirkjun sem í dag rennur að hluta ónýttur til sjávar. Uppbyggingin verður áfangaskipt og er nú sótt um nýtingarleyfi fyrir fyrsta áfanga þar sem þörf er fyrir 7.500 l/s af jarðsjó.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og fylgigögn og tekur undir það álit Skipulagsstofnunar, frá 18. júlí 2023, að í leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til grunnvatnsvinnslu Samherja fiskeldis þurfi að setja skilyrði um uppbyggingu grunnvatnsvinnslunnar. Vinnslan verði byggð upp í áföngum og metin verði áhrif hvers áfanga þannig að áhrif hans liggi fyrir áður en ráðist verði í þann næsta. Í álitinu kemur einnig fram að gera þurfi umfangsmiklar rannsóknir á jarðfræði og vatnafari svæðisins til að unnt verði að vakta áhrifin og að koma upp heildstæðu vöktunarkerfi fyrir grunnvatn á svæðinu.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur